

**Nd.**

**225. Nefndarátt**

um frv. til laga um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. til laga um dýralækna á þingskj. 65 hefir nefndin rætt og athugað, bæði eitt út af fyrir sig, og einnig í sambandi við önnur gerólk erindi, sem fyrir nefndinni lágu um störf og tölu dýralækna.

Hefir nefndin orðið á einu máli um það, að varlega verði í það að fara að fjölga embættum í landinum, hvar sem hjá því verður komist. Nefndin hefir þó síður en svo gengið út frá þeirri hlið málsins eingöngu, heldur hinu, hve lítið muni vera á það að treysta — jafnvel þó dýralæknum yrði fjölgað í 7 — að vernleg hjálp eða trygging fengist fyrir veikindum og slysum gripa.

Svo erfiða aðstöðu hlyti almenningur að hafa að ná til læknis, þó þeim væri lítið eitt fjölgað frá því sem er, að í fæstum tilfellum mundi gagnað, sem af læknishjálpinni leiddi, vega á móti kostnaði.

Álitur nefndin besta hjálp af starfi dýralækna, að þeir annist sem víðtækasta fræðslu um húsdýrasjúkdóma með ræðum og ritum, t. d. á námsskeiðum o. s. frv., en handlækningar þeirra hljóti að verða mjög takmarkaðar og óviða að notum, meðan ekki álist þá framkvæmanlegt að fjölga þeim svo, að

dýralæknir væri í hverri sýslu — jafnvel í hverjum hreppi landsins. — Þá leið  
sjer nefndin alls ekki færa nú, og leggur til, að frv. verði felt.

Alþingi, 15. febr. 1928

Lárus Helgason, Einar Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.  
form. framsm.  
Jón Ólafsson, Bernharð Stefánsson.  
fundaskrifari.